



Stúdentaráð Háskóla Íslands

## Framkvæmdaáætlun Umhverfis- og samgöngunefndar

### Samgöngumál

Nú þegar er mikil umferð í kringum háskólasvæðið sem á aðeins eftir að fara versnandi, því viljum við þrýsta á Háskóla Íslands í að stuðla að bættum og aðgengilegri samgöngum fyrir alla nemendur skólans án óþarfa kostnaðar fyrir bæði nemendur og umhverfið. Allir eiga skilið að komast í skólann á skilvirkan og öruggan máta og er mikilvægt að samgöngur hindri ekki fólk á að mæta.

Markmið	Aðgerðir
Fækka Hopp lagningu á hjólastígum.	<input type="checkbox"/> Fara í samstarf með Hopp, Zolo, og Bolt og búa til hvata til þess að leggja við háskólabyggingar.
Fjölga hleðslustöðvum á háskólasvæðinu	<input type="checkbox"/> Kanna hve stórt hlutfall starfsfólks háskólans og stúdenta nota rafbíl. <input type="checkbox"/> Þrýsta á HÍ til að fjölga hleðslustöðvum.
Stuðla að auknu aðgengi stúdenta að almenningsamgöngum.	<input type="checkbox"/> Þrýsta á að Háskólinn tryggir stúdentum tímabilskort í Strætó á viðráðanlegu verði. <input type="checkbox"/> Hvetja Strætó og HÍ til að auka fjölda strætóstoppa á háskólasvæðinu og leiða sem liggja í gegnum háskólasvæðið. <input type="checkbox"/> Hvetja Strætó til að innleiða skiptakort á lægra verði fyrir stúdenta sem taka strætó af og til. <input type="checkbox"/> Þrýsta áfram á sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að tryggja

	<i>rekstur næturstætós í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.</i>
<i>Hvetja til aukinnar nýtingar á öðrum vistvænum ferðamátum</i>	<input type="checkbox"/> <i>Þrýsta á uppsetningu yfirbyggðra hjólaskýla við allar byggingar HÍ.</i> <input type="checkbox"/> <i>Kanna möguleikann á læstum hjólageymslum til að minnka líkur á þjófnaði.</i> <input type="checkbox"/> <i>Kanna möguleikann á afslætti á deilibílaþjónustu fyrir stúdenta.</i>

## Skipulagsmál

*Vel skipulagt háskólasvæði getur stuðlað að bættum lífskjörum og því mikilvægt að hugað sé vel að skipulagsmálum háskólans og er öryggi stúdenta öllum í hag. Mikilvægt er að fólk á háskólasvæðinu sé vel upplýst um skipulagsbreytingar og viti hvað er að gerast.*

<i>Markmið</i>	<i>Aðgerðir</i>
<i>Auka umferðaröryggi á háskólasvæðinu</i>	<input type="checkbox"/> <i>Þrýsta á HÍ að setja upp hraðahindrun á Sæmundargötu við Skeifuna.</i> <input type="checkbox"/> <i>Þrýsta á HÍ að setja upp gangbraut yfir Sæmundargötu við skeifu.</i> <input type="checkbox"/> <i>Setja upp spegla til þess að koma í veg fyrir óþarfa umferðarslys.</i>
<i>Tryggja upplýsingaflæði til nemenda um þær skipulagsbreytingar sem verða á háskólasvæðinu.</i>	<input type="checkbox"/> <i>Skipuleggja fleiri fyrirlestra til að t.d kynna borgarlínuna, nýtt leiðakerfi strætó, og hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar.</i>
<i>Bæta aðgengi stúdenta að lágvöruverðsverslun</i>	<input type="checkbox"/> <i>Hefja samstarf við Festi/Haga um að opna lágvöruf lutningabíl einu sinni í viku að hætti Japana.</i>

## Umhverfisvitund

*Umhverfismál snerta alla en þar sem að Háskóli Íslands er einn stærsti vinnustaður landsins*

er mikilvægt að sýna gott fordæmi og vera ábyrg í umhverfismálum. Mikilvægt er að fræða og upplýsa fólk, bæði starfsfólk og stúdenta, um hvernig hægt sé að tileinka sér umhverfisvænni venjur.

Markmið	Aðgerðir
Auka flokkunarvitund Stúdenta	<input type="checkbox"/> Reyna að fá FS til þess að skilgreina hvaða vörur er hægt að flokka. <input type="checkbox"/> Búa til grípandi og skemmtileg myndbönd um hvað megi flokka. <input type="checkbox"/> Gera grípandi plaköt sem sýna hvernig eigi að flokka.
Auka vitund stúdenta á loftslagsmálum	<input type="checkbox"/> Vera með fyrirlestra/fá fyrirlesara sem sérhæfa sig í þessum málefnum. <input type="checkbox"/> Halda úti fræðslu á samfélagsmiðlum.
Halda viðburði til þess að fræða fólk skólans betur um Umhverfis- og samgöngumál	<input type="checkbox"/> Skiptifatamarkaður <input type="checkbox"/> veganvika <input type="checkbox"/> umhverfisvika/Loftlagsvika <input type="checkbox"/> Hjólum í Skólann

## Neysla og úrgangur

Neysla og úrgangur er einn stærsti þáttur í umhverfismálum sem að almenningurinn eða hver einstaklingur getur tekið til sín og haft áhrif. Það að einfaldlega minnka umbúðir og rusl í kringum sig er besta og einfaldasta leiðin til þess að minnka úrgang. Því er mikilvægt að allir leggi sitt af mörkum og noti réttar tunnur og hugsi sig um til þess að minnka rusl.

Markmið	Aðgerðir
Tryggja aðgang að endurnýtanlegum mataráhöldum í Hámu.	<input type="checkbox"/> Hvetja FS til að hafa endurnýtanleg hnífapör aðgengileg allan sólarhringinn, ásamt tilheyrandi ílátum fyrir óhreint leirtau. <input type="checkbox"/> Hvetja FS til að hafa endurnýtanlega bolla aðgengilega við allar kaffivélar þeirra.

<i>Betrumbæta flokkunarkerfi</i>	<input type="checkbox"/> <i>Bæta flokkunarvitund fólk á háskólasvæðinu með t.d. plaggötum og samfélagsmiðlum.</i> <input type="checkbox"/> <i>Aðgengi að vöskum til að skola umbúðir og ílát nálægt flokkunartunnum.</i>
----------------------------------	---

## Grænfánaverkefnið

*Háskóli Íslands flaggaði Grænfánanum í fyrsta skipti árið 2020. Markmið Grænfánans er að auka umhverfismennt, menntun til sjálfbærni og að styrkja umhverfisstefnur skóla.*

*Verkefnið er mikilvægur liður í því að sýna að HÍ sýni ábyrgð í umhverfismálum. Við viljum halda þessari stefnu og tryggja Háskólanum Grænfánann á ný árið 2025.*

<i>Markmið</i>	<i>Aðgerðir</i>
<i>Tryggja Háskóla Íslands Grænfánann</i>	<input type="checkbox"/> <i>Gera skýra framkvæmdaáætlun</i> <input type="checkbox"/> <i>Setja okkur markmið og vinna út frá þeim.</i>